

# *Heimabyggðin mín*

## **Nýsköpun, heilbrigði og forvarnir**

**Elínborg Egilsdóttir**



Ég bý á Reykhólum, sem eru í Austur-Barðarstrandarsýslu. Á Reykhólum er ótrúlega mikil náttúrufegurð og maður sér fallegt útsýni gegnum hvern glugga sem litið er út um. Margar skemmtilegar gönguleiðir eru á staðnum, þar sem meðal annars er hægt að skoða margar náttúruauðlindir. Við höfum líka flott fyrirtæki í bænum. Einnig er ein besta sundlaug landsins hér á Reykhólum. Aðal náttúrugæði bæjarins eru hverirnir sem gætu komið að mjög góðum notum. Á Reykhólum þekkja allir alla og það er yndislegt að fara t.d. í sund og geta bara spjallað við næsta aðila.

Mín hugmynd til að bæta Reykhóla sem ferðamannastað er að nota þetta heita vatn sem við höfum hérna, einnig væri hægt að hafa hestaleigu, skipulagðar fuglaskoðunarferðir og siglingar um fallegu eyjarnar okkar. En það eru ekki allir sem hafa svona mikið af heitu vatni. Tökum Bláa lónið sem dæmi, það er einn vinsælasti ferðastaður Íslands. Og hvað er í Bláa lóninu? Það er heitt hveravatn. Því finnst mér að það væri mjög góð hugmynd að



nota eitthvað af þessu heita vatni sem við höfum hér á Reykhólum til þess að gera eitthvað álíka. Mín hugmynd væri að nota heita vatnið sem rennur úr Þörungaverksmiðjunni. Við verksmiðjuna er lítill fallegur vogur og með litlum kostnaði mætti hlaða vegg sem myndi afmarka eða loka veginum betur og veita

heitu affallsvatni úr Þörungaverksmiðjunni, sem nú rennur beint í sjóinn, í veginn. Þá væri kominn þarna náttúruleg ylströnd þar sem ferðamenn og þorpsbúar gætu baðað sig. En við myndum ekki einungis nota heita vatnið heldur líka sjóinn sem heita vatnið rennur út í. Ég er enginn arkitekt, en ég veit að þetta er hægt. Með þessu væri kominn ákaflega falleg og náttúruleg sundlaug. Með einstaklega fallegu útsýni allt í kring. Ég held að þetta sé það sem ferðamenn leitast eftir að finna á Íslandi. Þetta heita vatn sem svo fáir eiga. Það sem ég gæti gert til að koma þessum hugmyndum á framfæri væri að kynna þetta fyrir sveitarfélaginu mínu. Sýna hreppsnefnd og fleira fólki hugmynd mína til að laða ferðamenn að bænum mínum. Síðan ef þetta væri virkilega



komið út í alvöru, ekki lengur orð á blaði, þá gæti ég kannski komið af stað söfnun eða einhverjum hópi sem myndi styrkja málefnið.

Ég tel góðan tilgang fólgin í því að leggja þessa vinnu á mig, hún er svo sannarlega þess virði. Ef maður hugsar hvað þetta gæti gert fyrir Reykhóla, þá er þetta gott málefni til að leggja áherslu á. Það sem gert verður við þessa hugmynd er að við í unglingadeild Reykhólaskóla ætlum að halda fund með hreppsnefnd Reykhólahrepps og sýna þeim hugmyndirnar okkar, sem við teljum að geti bætt ferðamannaáhugann í bænum okkar. Því næst kjósum við öll sem eitt hugmyndina sem okkur fannst persónulega áhuga-verðust og best fallin til þess að hrinda í framkvæmd.

Mávavatni í Reykhólahreppi,

10. desember 2011,

Elínborg Egilsdóttir